

Aðalfundur stjórnar félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps
haldinn þriðjudaginn 25. ágúst 2026 kl. 17.00 í Hnyðju.

Mættir eru: Hrafnhildur Þorsteinsdóttir, Hildur Aradóttir og Árný Huld Haraldsdóttir
ásamt gestum úr sveitarstjórnnum sveitarfélaganna. Hrafnhildur, Hildur og Árný hafa
atkvæðarétt á þessum fundi.

Gestum var boðið á fundinn til að eiga spjall um liði 3 og 4 á fundinum. Þá kom Margrét
Geirsdóttir, sviðsstjóri Velferðarsviðs Ísafjarðarbæjar, sem gestur inn á fundinn og var
með kynningu fyrir gestum úr sveitarstjórnnum.

Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Lagt er til að Hrafnhildur Þorsteinsdóttir verði fundarstjóri fundarins.

Samþykkt samhljóða.

Lagt er til að Árný Huld Haraldsdóttir verði fundarritari fundarins.

Samþykkt samhljóða.

2. Kosning endurskoðanda félagsþjónustunnar.

Lagt er til að Jóhann Þórðarson hjá Endurskoðunarstofunni Álit verði
endurskoðandi félagsþjónustunnar.

Samþykkt samhljóða.

3. Kosning stjórnar félagsþjónustunnar

Stjórn félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps leggur til breytingartillögu um
að:

Sameiginleg Velferðarnefnd Árneshrepps, Kaldrananeshrepps, Stranda og
Reykhólahrepps verði jafnframt stjórn Félagsþjónustu Stranda og
Reykhólahrepps.

Samþykkt samhljóða.

Stjórn félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps leggur til að Félagsmálastjóri
verði jafnframt Framkvæmdarstjóri Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps.
Félagsmálastjóri fá prókúru yfir reikningum Félagsþjónustunnar.

Samþykkt samhljóða.

4. Framtíðarskipulag félagsþjónustunnar

Umræður á fundinum um leiðandi sveitarfélag og byggðarsamlag.

Liggur fyrir að breyta þarf skipulagi félagsþjónustu.

Lagt er til að ný stjórn taki til umræðu framtíðarskipulag félagsþjónustunnar.
Samþykkt samhljóða.

5. Önnur mál.

Margrét Geirsdóttir kemur sem gestur inn á fundinn. Erindi hennar var mjög fræðandi og mikilvæg fræðsla.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18:30
Fundargerð er undirrituð með rafrænum hætti.